



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

6. árgangur 5. tbl.

Maí 2009



Fréttatilkynning frá Vinum Skaftholtsréttá á bls. 5.



Nemendur í skíðaferðalagi



Skrifað undir samstarfssamning við Skógrækt ríkisins. Jóhannes á Ásólfstöðum og Inga Maja skólastýra.



Einar Ágúst í Fjalli og Matthías á Blesastöðum



Lilja bakar lummur



Í kös í skóginum

Vorfréttir frá Þjórsárskóla

Nú fer senn að líða að lokum skólastarfs hjá okkur í Þjórsárskóla. Námsmatsdagar eru að hefjast og lokasprettur skólastarfsins í gangi. Eitt af vorverkunum er að leggja drög að skipulagi næsta skólaárs. Nú þegar hafa tveir kennarar verið ráðnir til skólans í hlutastörf. Það eru Sólrún Héðinsdóttir og Katrín Briem. Sólrún kennir yngstu nemendunum og Katrín myndmennt. Verið er að leggja drög að stundatöflum nemenda en meðal annars erum við að samræma skólatíma Þjórsárskóla við Flúðir og íþróttæfingar UMFH til að tryggja að nemendur geti sótt þær æfingar sem hugurinn stendur til. Jafnframt er reynt að tryggja að nemendur geti líka nýtt ferðir skólabíla á Flúðir þegar verið er að sækja unglingana. Reynslan hefur sýnt sig að það kemur sér vel og minnkar keyrslu foreldra, sérstaklega hjá eldri nemendum.

Skólaslit

Skólaslit Þjórsárskóla verða föstudaginn 29. maí kl. 10:00 í Árnasi. Þá verður nemendum afhentur vitnisburður vetrarins, 7. bekkur útskrifaður, sýning verður á mörgum verkum nemenda og nemendur sjá um tónlistarflutning. Það er von mín að sem flestir foreldrar sjái sér fært að mæta með nemendum þessa stund þegar við setjum endapunktinn á skólastarfið. Það getur verið svo skemmtilegt að líta yfir farinn veg og gera upp árið.

Útikennsla

Búast má við meiri útikennslu fram að skólaslitum. Það er því gott að huga sérstaklega vel að klæðnaði eftir veðri hverju sinni. Það er ljúft að verða vitni að því að nemendur og kennarar þjálfast hratt í námi og kennslu utan veggja skólans. Þannig er auðveldara í dag að flytja kennsluna út en það var fyrir ári. Þetta er góð þróun og gefur okkur byr undir báða vængi að efla þennan þátt skólastarfsins.

Nemendurnir munu á síðustu dögum skólastarfs gróðursetja um 130 birkiplöntur austan við skólann og þannig halda áfram að mynda skjól fyrir leiksvæðið við skólann. Plönturnar fékk skólinn úthlutað úr Yrkjusjóði líkt og síðasta ár. Nú þegar hafa nemendur í 1.-4. bekk valið sér plötu sem var gróðursett á síðasta ári og munu fylgjast með vexti hennar á næstu árum. Mikið af kennslu í náttúrufræði fer fram utan dýra.

Einn mikilvægur þáttur í útikennslu er að kenna nemendum matargerð utandyra. Fram á vor fer því heimilisfræðikennslan að mestu leyti fram utandyra. Í apríl bjuggu nemendur til eldstæði á skólalóðinni. Við eldamennskuna er bæði notast við opinn eld og gas.

Skólakór

Skólanefnd samþykkti á síðasta fundi sínum starfshlutfall fyrir næsta skólaár svo að hægt væri að starfrækja kór við skólann. Nú hefur Stefán Þorleifsson gefið vilyrði fyrir því að sinna kórstarfinu og verður frábært að fá hann til liðs við okkur. Alls staðar þar sem kórstarfi hefur verið komið á í skólum hefur það reynst mikil lyftistöng fyrir allt annað starf við skólana og vonandi að kórinn verði öflugur með þátttöku sem flestra nemenda. Kórinn verður starfandi á skólatíma.

Skógardagur og undirskrift samnings við Skógrækt ríkisins

Þriðjudaginn 21. apríl var skógardagur í skólanum. Þá var skrifað undir samning við Skógrækt ríkisins um samstarfssamning sem tekur við af því sem gert hefur verið með fjölmörgum skólum víða um land í samstarfi skólaþróunarverkefnisins Lesið í skóginn og Kennaraháskóla Íslands þar sem unnið var að því að þróa skólastarf í skógarumhverfi og stuðla að aukinni fjölbreytni og heilbrigði í skólastarfi.

Þessu samstarfi við Þjórsárskóla er ætlað að stíga enn lengra í þróunarátt og gefa m.a.svör við því hvernig má nýta skóginn sem best til að tengja skólann og nærsamfélagið við þá auðlind sem þjóðskógurinn er. Í samningnum er kveðið á um hvað skuli lögð áhersla á í samstarfinu, en vonast er til að reynslan muni m.a. svara því hvernig nýta megir sem best þjóðskóg í skólastarfi og einnig hvernig hann getur nýst nærsamfélaginu. Samstarfinu er ætlað að standa í tvö ár og verða að því loknu teknar saman upplýsingar og þeim miðlað til þeirra sem helst geta nýtt sér þær innan skógræktar og skólastarfs.

Nemendum var skipt upp í fjóra hópa sem unnu að mismunandi verkefnum, en færðust síðan á milli þannig að allir nemendur höfðu komið að fjórum ólíkum verkefnum í lok dags. Hóparnir voru blandaðir í aldri. Einn hópurinn snyrti stíga og klippti niður gulvíðigræðlinga sem ætlunin er að nota til að rækta upp skólalóðina til að auka skjól og útivistargildi hennar. Á annari stöð fór fram lummubakstur, á þeirri þriðju föðmuðu nemendur kært tré og reyndu á mismunandi skynfæri og á fjórðu stöðinni var byggt hús úr greinum. Í tilefni undirskriftarinnar var sungið og flutt leikrit um skógarferð nemenda þar sem m.a. var gert grín að nemendum og starfsfólki sem ýmist gleymdi að klæða sig rétt eða á annan hátt sýndu sérstaka hegðun sem ekki hentar í útinámi. Að lokum tóku allir þátt í skógarhlaupi og fóru vel heitir í skólabílinn á leið heim eftir eftirminnilegan skógardag í Þjórsárdalsskógi.

Minni á heimasíðu Þjórsárskóla en þar er hægt að fá frekari fréttir af skólastarfinu og skoða myndir. **www.thjorsarskoli.is**

Með kveðju
Ingibjörg María Guðmundsdóttir skólastjóri.

Hátíð í Skaftholtréttum **sunnudaginn 26. júlí í sumar.**

- ♦ Fögnum saman endurgerð réttanna og umtalsverðum bótum á umhverfinu.
- ♦ Samtakamátturinn við þetta verkefni hefur verið ótrúlegur.
- ♦ Sitthvað verður boðið upp á í réttunum þennan hátíðardag þegar við afhendum réttirnar.
- ♦ **Tökum daginn frá.** Allir velkomnir og gleðjumst saman.

Vinir Skaftholtsréttar.



VÖNDULL ehf



FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Skútuvogi 13. sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00,

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán

49. fundur var haldinn í hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn

7. apríl 2009 kl. 10:30 í Árnesi. Mættir voru: Gunnar Örn Marteinnsson, oddviti, Ingvar Hjálmarsson, Jón Vilmundarson, Tryggvi Steinarsson og Björgvin Skafti Bjarnason sem jafnframt ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og athugaði hvort einhverjar athugasemdir væru við boðun fundarins en þær voru ekki. Á fundinn mættu Ívar Pálsson og Pétur Ingi Haraldsson. Einnig mætti á fundinn Jón Þórir Frantzson.

1. Sorpmál. Jón Þórir Frantzson frá Íslenska Gámafélaginu fór yfir möguleika í sorphirðumálum. Jón kynnti fyrir sveitarstjórn möguleika sem Íslenska Gámafélagið býður í sorphirðu, og kom með drög að samningi. Samþykkt að leggja samningsdrög fyrir umhverfisnefnd.
2. Erindi frá Mannvit vegna útboðs í sorphirðumálum. Ákveðið að taka ekki tilboði Mannvits.
3. Fundagerðir umhverfisnefndar frá 5. febrúar 2. mars og 26. Mars. Fundagerðir staðfestar.
4. Tillaga að uppgjöri við Hrunamannahrepp v/félagsmiðstöðvar. Samþykkt að sveitarfélagin skipti kostnaði jafnt, 15 klst. á hvort sveitarfélag á mánuði, samningur er til skólaloka.
5. Samningur við Nesey vegna gatnagerðar við Brautarholt. Oddviti falið að ganga frá samningi, umframkostnaði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.
6. Umsókn um lóð nr. 22 á Flötum. Samþykkt að úthluta Gunnari A. Ingvarssyni kt:171176-4339 lóð nr. 22 á Flötum
7. Erindi frá Kvenfélagi Skeiðahrepps. Lagt fram.
8. Erindi frá UMFÍ v/landsmóts árið 2011. Lagt fram.
9. Erindi vegna dánarbús Karls Valdimarssonar. Lögmaður er að vinna í málinu.
10. Erindi frá Umhverfissráðaneyti v/ breytingartillögu á aðalskipulagi Hvamms- og Holtavirkjunar. Farið yfir drög að svörum til ráðuneytisins með Ívari og Péttri Inga. Samþykkt að fela Ívari að klára svörin, í samræmi við athugasemdir sem komu fram á fundinum.
11. Fundargerð Skipulags og byggingarnefndar frá 25.03.2009. Fundargerð staðfest.
⇒ Tillaga um breytingu á aðalskipulagi v/ Búðarháslínu.
⇒ *Lögð fram eftir auglýsingu tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 vegna Búðarháslínu 1 ásamt meðfylgjandi umhverfisskýrslu. Fyrirhugað er að reisa vatnsaflsvirkjun við Búðarháls ásamt 220 kV háspennulínu frá stöðvarhúsi virkjunar við austanvert Sultartangalón að spennustöð við Sultartangavirkjun. Háspennulínan er um 17 km í heild og þar af eru um 1,3 km innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps og fjallar breytingin eingöngu um þann hluta. Tillagan var í kynningu frá 6. febrúar til 6. mars 2009 með athugasemdafresti til 20. mars. Engar athugasemdir bárust. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna. Samþykkt skv 18. gr. skipulags- og byggingarlaga.*

12. Umfjöllun um hvort ástæða sé til að breyta ákvæðum aðalskipulags sem kveða á um leyfilegan fjölda frístundahúsa á bújörðum. Sveitarstjórn ákveður að skoða málið frekar.
 13. Bréf frá húsfriðunarnefnd v/ styrks uppá 1.500.000- kr. til Skaftholtsréttar. Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með styrkveitinguna.
 14. Erindi frá Landgræðslunni þar sem sagt er upp þeirri aðstöðu sem þeir hafa haft í Árnesi. Lagt fram.
 15. Fundargerð félagsmálanefndar haldin 03.03.2009. Staðfest.
 16. Erindi frá HSK. Samþykktir frá héraðsþingi sambandsins. Lagðar fram.
 17. Framlagðar fundargerðir.
 - A. Skólaskrifstofa Suðurlands fundargerð nr.113. Lögð fram.
 - B. Fundargerðir Tónlistaskóla Árnesinga fundargerðir nr. 147. 148. 149. Lagðar fram.
 - C. Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga fundur nr. 422. Fundargerð lögð fram.
 18. Kynntar verða kostnaðartölur frá BM Vallá vegna kostnaðar við byggingu íþróttahús annarsvegar og hinsvegar kostnaður við að bæta hljóð í íþróttasal í Brautarholti. Lagðar fram.
 19. Erindisbréf Bókasafnsnefndar, áður lagt fram á fundi sveitarstjórnar 3. febrúar. Staðfestingu frestað.
 20. Ræddir minnispointar frá endurskoðanda vegna yfirstjórnar og skrifstofu, gögn áður útsend með tölvupósti. Einnig önnur mál tengd yfirstjórn. Málin rædd.
 21. Erindi frá Heiðrúnu Kristmundsdóttur vegna ferðar stúlknalandsliðs 18 ára og yngri í körfubolta. Samþykkt að styrkja Heiðrúnu um kr. 45. þúsund.
 22. Erindi frá Hreini Óskarssyni vegna hugmyndar um notkun kjötmjöls sem áburðar við uppgræðslu í Þjórsárdal. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við hugmyndina, að fengnu samþykki Matvælastofnunar og yfirdýralæknis.
- Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15.25

50. fundur var haldinn í hreppsnefnd Skeiða-og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 5.maí 2009 kl. 10:30 í Árnesi. Mættir voru: Gunnar Örn Marteinsson, oddviti, Haukur Haraldsson, Tryggvi Steinarsson og Björgvin Skafti Bjarnason sem jafnframt ritaði fundargerð. Ingvar Hjálmarsson mætti á fund kl. 13. Þá mætti einnig Einar Sveinbjörnsson á fundinn til að fara yfir ársreikninginn. Oddviti setti fund og athugaði hvort einhverjar athugasemdir væru við boðun fundarins en þær voru ekki.

1. Fulltrúar Brunavarna Árnessýslu mæta á fundin og ræða Brunavarnamál. Kristján Einarsson og Einar Guðnason sögðu frá starfi Brunavarna, en Brunavarnir Árnessýslu eru að fara um starfssvæðið og kynna störf Brunavarna fyrir sveitarstjórnnum.

2. Fundagerðir fulltrúaráðs Brunavarna Árnessýslu fundagerðir nr. 73. Frá 23.03.2009 og fundagerð nr. 74. frá 25.03.2009. Lagðar fram.
3. Fundagerð aðalfundar Eignarhaldsfélags Suðurlands frá 31.03.2009. Lögð fram.
4. Fundagerð Tónlistaskóla Árnesinga nr.150. frá 20.03.2009. Lögð fram.
5. Fundagerð Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands nr. 283. frá 01.04.2009. Lögð fram.
6. Fundagerð félagamálanefndar nr. 110. Frá 03.02.2009. og fundagerð nr. 112. Frá 07.04.2009. Í fundagerð 110 eru samþykktar breytingar á reglum um ferðapjónustu fatlaðra. Hreppsnefnd samþykkir þá breytingu, ásamt fundagerð í heild sinni. Fundagerð 112, samþykkt.
7. Fundagerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 118. frá 21.04.2009. Lögð fram.
8. Fundagerð Sorpstöðvar Suðurlands nr.169. frá 17.04.2009. Lögð fram
9. Erindi frá Sýsluskrifstofu Árnesinga v/umsóknar um endurnýjun á leyfi Kertasmíðjunnar í Brautarholti til reksturs veitingastaðar í flokki I. Hreppsnefnd samþykkir leyfið fyrir sitt leiti.
10. Ársreikningur 2008 fyrri umræða. Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi mætir á fundin. Ársreikningur Skeiða-og Gnúpverjahrepps fyrir árið 2008 lagður fram til fyrri umræðu. Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi, fór yfir ársreikninginn. Umræður fóru fram um reikninginn og svaraði Einar fyrirspurnum. Rekstrar-niðurstaða er jákvæð um kr. 1.357.704. Samþykkt að vísa ársreikningnum til síðari umræðu.
11. Tillaga að starfsamningi við oddvita. Gunnar oddviti vék af fundi og samþykkt að Tryggvi stýri fundi á meðan. Farið yfir tillögu Einars að samningi og honum falið að ljúka gerð samnings.
12. Fundagerð skipulagsnefndar frá 22.04.2009. Fundagerð staðfest
13. Afgreiðsla á aðalskipulagsbreytingu vegna vegtengingar yfir Þjórsá. Lögð fram eftir auglýsingu tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 vegna færslu tengivegar yfir Þjórsá. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir tengivegi frá Þjórsárdalsvegi yfir Þjórsá austan Þjórsárholts og inn á Landveg. Með breytingunni er brúarstæðið fært um 3 km vestar og færist vegstæðið að sama skapi og er nú gert ráð fyrir að vegurinn tengist Þjórsárdalsvegi rétt vestan við þéttbýlið Árnes. Tillagan var auglýst til kynningar 12. mars 2009 með athugasemdafresti til 23. apríl. Engar athugasemdir bárust. Fyrir liggja umsagnir Vegagerðarinnar, Veiðimálastjóra, Umhverfisstofnun og Landgræðslunni. Hreppsnefnd samþykkir aðalskipulagsbreytinguna.
14. Fundagerðir skólanefndar Skeiða og Gnúpverjahrepps nr. 34. og 35. frá 29.04.2009. og fundagerð Flúðaskóla frá 27.04.2009. Auk þess Skólustefna Hrunamannahrepps. Fundagerð nr.34 staðfest, fundagerð 35 staðfest.
15. Fundagerð Flúðaskóla frá 27.04.2009 staðfest.

16. Kostnaðar tölur frá Guðjóni Sigfússyni vegna kostnaðar sem bætist við tilboð BM Vallá í byggingu íþróttahúss. Kostnaðartölur lagðar fram.
17. Erindisbréf Bókasafsnefndar. Erindisbréf samþykkt.
18. Viðhaldsmál og gatnagerðarframkvæmdir í Brautarholti. Samþykkt að vísa til endurskoðunar fjárhagsáætlunar hækkun vegna gatnagerðar í Brautarholti um 7. milljónir.
19. Starfsmannamál. Starfsmannamál rædd.
20. Önnur mál löglega fram borin. Bréf frá Lögmonnum Höfðabakka vegna vegalagningar Vegagerðarinnar um land hreppsins austan Árnes. Oddvita falið að ganga frá samningum.
21. Bréf frá Ámunda Kristjánssyni. Vegtenging af Þjórsárdalsvegi inn á tún. Samþykkt skv. 18. gr. Skipulags- og byggingarlaga og byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram.
22. Prókúra. Hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir að veita Gunnari Erni Marteinssyni oddvita prókúru á reikningum sveitarfélagsins.
23. Bréf frá Kvenfélagi Gnúpverja. Lagt fram.
24. Mál til kynningar.
 - A. Kynning á skýrslu millipinganefndar búnaðarþings um fjallskil.
 - B. Úthlutun Menningarráðs Suðurlands þar sem fra kemur að áhugahópur um sögu og menningu í Þjórsárdal fékk úthlutað 750.000.-kr. Í „leikverkið um Gauk á Stöng“.
 - C. Minnisblað v/fundar um vegaskrá.
 - D. Fundargerð sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 07.04.2009.
 - E. Drög að samningi við Landbótafélag Gnúpverja.
 - F. Ársreikningur Hitaveitufélags Gnúpverja árið 2008.
 - G. Samkomulag v/ markaðsstyrkja.
 - H. Erindi frá orlofsnefnd húsmæðra.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16.50

Næsta Fréttabréf kemur út mánudaginn 15. júní
Skilafrestur efnis er til miðvikudagsins 10. júní.

Umsjón með fréttabréfinu hefur Helga Kolbeinsdóttir - helga@skeidgnup.is
Ábyrgðarmaður er Gunnar Örn Marteinsson Oddviti

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er opin mánudaga-fimmtudaga frá
kl. 9-12 og 13-15. Sími 486-6014 Fax 486-6091 www.skeidgnup.is

Frá Búnaðarfélagi Gnúpverja

Öll tæki félagsins eru eins og áður í umsjón Einars í Heiðarbrún.

Sími Búnaðarfélagsins er: **845-0891**

Gjaldskrá:

Haugsuga 11,5 T	7.500 kr pr. dag
Haugsuga 13,5 T	11.000 kr pr. dag
Skádæla	6.000 kr pr. dag
Brunndæla	6.000 kr, pr. dag
Rafmagns flórhæra	6.000 kr pr. dag
Pinnatætari	3.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 1.500 kr/klst.
Flag- og túnvaltari 6,3 m, með jöfnunarborði	3.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.000 kr/klst.
Plógur	1.500 kr/klst. Lágmarksgjald 4.500 kr.
Fjaðraherfi	1.500 kr/klst. Lágmarksgjald 4.500 kr.
Hagasláttuvél	2.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 1000 kr/klst.
Sláttuvél m/knossara og færibandi ofl. 4 m	5.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.500 kr/klst
Diskaherfi 4,5 m	3.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 1.500 kr/klst.
Flaghefill	1.000 kr/klst. Lágmarksgjald 3.000 kr.
Steypuvél	50 kr/poka, startgjald 3.000 kr.
Víprator	3.000 kr/dag.
Tveggjahesta kerra	3.500 kr Heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 5.000 kr/dag
Fjölnotakerra	3.500 kr Heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 5.000 kr/dag

- ⇒ Gjaldskráin gildir einnig fyrir félagsmenn í Búnaðarfélagi Skeiðamanna.
- ⇒ Ætlast er til að tæki komi hrein úr útleigu. Ef misbrestur verður á því áskilur Búnaðarfélagið sér rétt til að taka sérstakt gjald fyrir þrif, en það er 10.000 kr.
- ⇒ Skemmdir á tækjum vegna vítafers gáleysis greiðast af leigutaka !!
- ⇒ Bent skal á að mögulegt er að fá tæki hjá Búnaðarfélagi Skeiðamanna ef öll tæki Búnaðarfélags Gnúpverja eru upptekin.

Kveðja
Búnaðarfélag Gnúpverja

Verðlisti frá Búnaðarfélagi Skeiðahrepps

Ásmundur Lárusson í Norðurgarði sér um tækin og tekur á móti pöntunum í síma
> 895- 8436

Tækin eru staðsett í Norðurgarði og á Reykjum hjá Rúnari (sími 693-4783)

Þessi tæki eru til útleigu í sumar

<u>Tæki</u>	<u>Verð</u>		<u>Lágmarksgjald</u>
Leiga á loftpressu	1.800	klst	
Leiga á sáðbeðsherfi	2.400	klst	3.500
Leiga á pinnatætara	2.400	klst	3.500
Leiga á vendiplógi	2.400	klst	3.500
Leiga á plógi	2.200	klst	3.500
Leiga á steypuhrærivél	1.200	tökugjald	
Leiga á sláttuvél	850	klst	3.500
Leiga á kornsnigli	300	tn	10.000 gjaldfært eftir 25 tn
Leiga á flaghefli	600	klst	3.500
Leiga á Khun tætara	2.400	klst	3.500
Leiga á	15.600	dagsgjald	
Leiga á kornsnigli- stórum	360	tn	10.000 gjaldfært eftir 25 tn
Leiga á haugtanki	15.600	dagsgjald	
Leiga á kerru	3.500	dagsgjald	
Leiga á kornvalsi	2.400	tn	10.000 gjaldfært eftir 5 tn
Leiga á valtara	2.400	klst	4.500
Kornsláttur	18.000	klst	5.000 komugjald
Húsaleiga	1.600	fm	

10 % afsláttur er veittur félögum í

Búnaðarfélagum Skeiða og Gnúpverja

Skarni ehf leigir út mykjudreifara sem getur
felld mykjuna ofan í svörðinn eða dreift henni
með slöngum,

dreifarinn er eingöngu leigður út með dráttarvél og manni.

Afköstin eru mjög mikil eða upb. 50-60 tn á
klst

**Daði Ingvason á Brjánsstöðum vinnur með dreifarann og tekur á móti pöntunum í
s. 898-9154**

Niðurfelling í svörð 20.000 klst

Dreifing með slöngum 18.000 klst

(Endilega geymið auglýsinguna)

Opnun sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Vetraropnun: Til 29. maí 2009

	<u>Skeiðalaug</u>	<u>Neslaug</u>
Mánudaga:	lokað	17 – 21
Þriðjudaga:	17 – 21	lokað
Miðvikudaga:	lokað	17 – 21
Fimmtudaga:	17 – 21	lokað
Föstudaga:	lokað	lokað
Laugardaga:	13 – 17	13 – 17
Sunnudaga:	lokað	lokað



Sumaropnun: 30. Maí– 23. Ágúst 2009

	<u>Skeiðalaug</u>	<u>Neslaug</u>
Mánudaga:	13 - 18	13 - 21
Þriðjudaga:	13 - 21	13 - 18
Miðvikudaga:	13 - 18	13 - 21
Fimmtudaga:	13 - 21	13 - 18
Föstudaga:	13 - 18	13 - 18
Laugardaga:	10 - 18	10 - 18
Sunnudaga:	10 - 18	10 - 18





Afmæli

Í tilefni fimmtugsafmælis míns, bíð ég, sjóarinn í Árnesi, þeim Gnúpverjum sem það vilja að ríða með til veislu í Hólaskógi 5. -7. júní. Farið verður frá Skaftholtsréttum kl. 17:00 föstudaginn 5. júní. Laugardagurinn tekinn létt við útreiðar og leik og riðið heim á

sunnudegi þegar fólk er tilbúið að yfirgefa staðinn. Fólk er beðið um að koma með svefnpoka og góða skapið, skálagjöldin eru tvöþúsund krónur nóttin. Afmælisgjafir eru harðbannaðar. Nánari upplýsingar veitir nágranni minn Ari Einarsson, í síma 8646031.

Með kveðju

Barði Valdimar Barðason Ártúni.



Félagsþjónusta í uppsveitum Árnessýslu og Flóa

Félagsleg heimabjónusta:

Lifandi og skemmtilegt starf.

Óskað er eftir einstaklingi í sumarafleysingar við félagslega heimabjónustu. Starfið felst í heimilishjálpi og ýmis konar þjónustu í heimahúsum. Leitað er eftir jákvæðum og hressum einstaklingi sem á auðvelt með að starfa sjálfstætt.

Greidd eru laun skv. kjarasamningi Félags opinbera starfsmanna á Suðurlandi, FOSS.

Nánari upplýsingar gefa Nanna Mjöll Atladóttir, félagsmálastjóri og Sigrún Símonardóttir hjá Félagsþjónustu uppsveita Árnessýslu og Flóa, Heilsugæslustöðinni í Laugarási, í síma: 480-8805.

Hitt og þetta - Frá oddvita.

Var að ljúka við að renna augunum yfir stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar sem ég óska alls hins besta í þeirri erfiðu stöðu sem við erum í um þessar mundir, það fólk sem er að stjórna landinu um þessar mundir er ekki öfunds vert af sínu hlutverki, vonandi tekst þeim vel til í sínum störfum. Það veldur mér vonbrigðum að okkar kjördæmi skuli ekki hafa neinn ráðherra, tel að oddvitar stjórnarflokkana í okkar kjördæmi hefðu verið mjög vel hæfir til að gegna ráðherraembættum. Virkjanaáform í Þjórsá hafa verið áberandi í umræðunni hjá okkur í Skeiða-og Gnúpverjahreppi undanfarin ár, það er minnst á þau mál í stjórnarsáttmálanum, stækka á friðlandið í Þjórsárverum og ekki á að gera neitt í virkjanaáformum í neðri Þjórsá fyrr en rammaáætlun er tilbúin en stefnan er að flýta þeirri vinnu samkvæmt stjórnarsáttmálanum.

Vegtenging

Sveitarstjórn samþykkti á síðasta fundi sínum breytingu á aðalskipulagi sem gerir ráð fyrir vegtengingu yfir Þjórsá á móts við Árnes, áformað er að bjóða verkið út í sumar, einnig áformar Landsvirkjun að hefja ýmsar undirbúningsframkvæmdir vegna virkjana í neðri Þjórsá að því gefnu að tilskilin leyfi fáiist, en eftir að hafa rennt yfir stjórnarsáttmálann, lítur ekki út fyrir að það verði á næstunni. Betra er fyrir svæðið ef hægt væri að taka langan tíma í að undirbúa framkvæmdir þá héldist meira af vinnunni á svæðinu.

Framkvæmdir

Verktakafyrirtækið Nesey er að undirbúa gatnaframkvæmdir í Brautarholti, sveitarstjórn ákvað á síðasta fundi sínum að auka við fjárveitingu í verkið þannig að hægt sé að klára það og malbika planið og götuna heim að leikskólanum og sundlauginni. Viðhaldsframkvæmdir sem eru í gangi núna eru þessar: Í Skeiðalaug er verið að laga pípulagnir og setja hitaskynjara í laugina, auk þess hefur verið unnið við að laga þar flísar og skipta um glugga og rúður. Í Neslaug hefur verið skipt um nokkrar rúður sem voru farnar að láta á sjá, um næstu mánaðarmót stendur til að laga þar flísarnar í sjálfri lauginni, til þess að það sé hægt verður því miður að loka lauginni í um viku tíma.

Ársreikningur

Á síðasta sveitarstjórnarfundinum var lagður fram ársreikningur fyrir árið 2008 til fyrri umræðu, rekstrarafgangur var kr. 1.357.704. ekki voru allar tölur í ársreikningi í samræmi við fjárhagsáætlun og ljóst að vanda verður betur til verka þegar verið er að vinna og endurskoða fjárhagsáætlun. Það er ljóst að hagræða verður í rekstri sveitarfélagsins eins og kostur er til að hægt verði að halda uppi nauðsynlegum viðhalds- og nýframkvæmdum. Hinsvegar er ekki ástæða til að ætla annað en að það takist að halda fullri þjónustu við íbúana eins og verið hefur.

Skólastarf

Komst á skemmtilega árshátíð hjá leikskólanum, þar stigu á stökk margir efnilegir leikarar og létu ljós sitt skína með dyggri aðstoð starfsfólks leikskólans, á eftir var stór veisla sem foreldrafélagið sá um.

→

Eins og flestir vita leggur leikskólastjórinn sig allan fram við að viðhalda leikskólanum og er nú í fæðingarorlofi, óska ég þeim Vilborgu og Sigurði hjartanlega til hamingju með soninn.

Heimsótti einnig Þjósárskóla þegar þau fóru í skóginum í Þjósárdal og skrifað var undir samstarfsamning á milli skólans og Skógræktarinnar um nýtingu skólans á skóginum til skólastarfsins, þetta samstarf er virkilega skemmtilegt og er góð viðbót í hið metnaðarfulla starf skólans.

Hitti einnig á Flúðum Jóhönnu Lilju skólastjóra Flúðaskóla. Við röltum um skólann og hún sýndi mér aðstæður, það er gaman að sjá hvað skólastjórinn er metnaðarfullur fyrir sinn skóla og er þar greinilega rétt kona á réttum stað. Ég tel að íbúar í Skeiða-og Gnúpverjahreppi geti verið ánægðir með hversu góðar og metnaðarfullar þær konur eru sem stýra okkar skólastofnunum, þær kæmust hins vegar ekki langt ef þær hefðu ekki með sér metnaðarfullt og hæft starfsfólk sem þær allar hafa. Það er með ólíkindum hvað hafa orðið miklar framfarir í skólastarfi frá því að ég gekk í skóla, í þá daga voru til dæmis þeir sem áttu við lesblindu að stríða eins og sá sem hér situr og reynir að troða einhverju á blað, álitnir heimskir og óþægir, en í dag er reynt að bregðast við þegar upp koma vandamál hjá nemendum og reynt að komast að rót vandans.

Gaukur á Stöng

Áhugahópur um menningu og sögu Þjósárdals fékk nýlega úthlutað 750.000- úr Menningarsjóði Suðurlands til að vinna að leikverki um Gauk á Stöng, áhugahópurinn er að vinna mjög áhugavert starf og er þetta leikverk hluti að því. Nú er spurning hvort einhver nægjanlega kvensamur finnst í hlutverk Gauks.

Kvenfélag Gnúpverja

Kvenfélag Gnúpverja hélt uppá 80 ára afmæli sitt daginn fyrir kjördag, hvort það hafði einhver áhrif á úrslit kosninganna efast ég um en hinsvegar var veislan góð og vel mætt. Kvenfélagið gaf út afmælisrit í tilefni af tímamótunum.

Atvinnumál

Sveitarfélagið er aðili að Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands, sá sjóður veitir meðal annars þeim sem hafa einhverjar hugmyndir í atvinnumálum ókeypis ráðgjöf, ég hvet alla sem eru að spá í þessi mál að hafa samband við sjóðinn, einnig get ég leiðbeint fólki ef það vill koma sér í samband við starfsfólk sjóðsins en ég sit þar í stjórni.

Að lokum

Ég ítreka enn og aftur ef ykkur liggur eitthvað á hjarta varðandi málefni sveitarfélagsins þá endilega hafið samband, tölvupósturinn er oddviti@skeidgnup.is gsm sími hjá mér er 895-8432.

Með kærri kveðju
Gunnar Örn Marteinson.

Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Bókahúsinu Brautarholti

bokasafn@skeidgnup.is

S: 486-5505



Opnunartímar til loka maí.

Mánudaga og miðvikudaga

frá 10.00 - 16.00

Þriðjudaga og fimmtudaga

frá 20.00 - 21.30



Sumarlokun

Bókasafnið verður lokað frá og með 1. Júní.

Nýr og breyttur opnunartími verður auglýstur síðar.

**Fólk er vinsamlegast beðið um að athuga
hvort einhverjar bækur liggi hjá því og
koma þeim til skila á safnið.**

www.skeidgnup.is

Við minnum á búrekstrarvöruverslun okkar

Þar höfum við meðal annars til sölu:

Kálfaduft tvær gerðir, startfóður (musli) fyrir ungkálfa og framhaldsfóður fyrir eldri kálfa.

Propylenglycol - súrdoðaorkuskotið.

Einnig hestakjarnfóður í 25 kg. pokum

Verið velkomin

Kálfafóður



Vitalic - hestaköggjar



Fjölbreytt úrval festinga

Eigum ávallt á lager milligerðir, átgrindur, milligrindur, gerðisgrindur, steinbita, gúmmímottur og renninga ásamt fleiru í fjósið.



480 5600

landstolpi.is

Söngskemmtun

**Laugardagskvöldið 23. maí kl. 20:30
verður söngsamkunda í Hestakránni.
Þar mun troða upp eldhress sænskur
kvennakór ásamt Uppsveitasystur.
Kaffi og meðlæti til sölu á staðnum.
Vonumst til að sjá ykkur.**

Uppsveitasystur

Menn og málefni



- **Petrína Þórunn Jónsdóttir og Björgvin Þór Harðarson í Laxárdal** eignuðust dreng þann 27. mars. 53 cm og 16 ½ mörk. Hann hefur verið skírður **Sindri Snær**. Systkini hans eru Auðunn Magni 6 ára, Guðný Vala á 5. ári, sammæðra eru Rakel á 16. ári og Hjördís Bára 17. ári.
- **Vilborg María Ástráðsdóttir og Sigurður Unnar Sigurðsson í Skarði** eignuðust dreng 20. apríl. 52 cm og 4220 gr. Systkini hans eru Ástráður Unnar 9 ára, Sigurlinn María 6 ára og Magnús Arngrímur 20 mánaða.
- **Klara Jónasdóttir frá Breiðanesi og Geir Gumðmundsson** eignuðust stúlku þann 20. apríl. 53 cm og 4170 gr. Er það þeirra fyrsta barn.
- **Þórarinn Ágúst Pálsson frá Leiti og Sunna Sigurðardóttir** eignuðust stúlku 11. maí. 47 cm. og 13 merkur. Litla daman á bróður sem heitir Þór Davíðsson sem er að verða 4 ára.



Viola Snyrtistofa á Flúðum

Högnastíg 1

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsböð
Húðhreinsun
Litun og plokkun
Handsnyrting
Fótsnyrting
Förðun
Vaxmeðferð



Hef til sölu húðvörur fyrir bæði dömur og herra frá GUINOT og förðunarvörur frá NO NAME
Tímapantanir í síma 566-8342 og 856-1599

EIMSKIP

Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur.

892-2372- Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2308- Trailer

892-2316- Trailer

Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar


Happadrætti S.Í.B.S.

Styrkið gott málefni og fáíð ykkur miða.

Umboðsmaður Sigrún Fossnesi.

Sími 486-6079 og 895-8079 fossnes@uppsveitir.is

Á bak við eldavélina



Ég kem með einn indverskan rétt, sem er í uppáhaldi hjá mér. Hann kallast "**Sabzi Pulao**" og á að vera fyrir ca. 6 persónur, en það er eins og við vitum mjög misjafnt.

- 500 gr. basmati hrísgrjón.Pvo vel og láta standa í köldu vatni í hálf tíma og taka svo vatnið frá.
- 4 msk. Olía.....Hita í stórum potti
- $\frac{1}{2}$ tsk. indverskt kúmen (cumín).....bæta út í olíuna og steikja þangað til það springur
- 1 laukur, skorinn
laukurinn er steiktur í sama potti
- $\frac{1}{2}$ tsk. kardimommufræ
- örlítill negull
- 6-9 svört piparkorn (má sleppa)..... kryddið er steikt aðeins með hinu saman
- 2 gullrætur skornar í teninga..... (ég tek oft fleiri)
- 3 kartöflur skornar í teninga
- 150 gr. ertur
- handfylli af cashewhnetum
- safi úr hálfri sítrónu
- 1 tsk. Salt.....bætt út í ásamt hrísgrjónunum og hrært vel
- 600 ml. heitt vatn.....hellit varlega ofan í og hitað þangað til það sýður lækka svo hitann, láta malla við lágan hita þangað til " Sabzi Pulao" er tilbúið.



Rétturinn er góður með blaðsalati og tómötum og grænmetisbuffi.

Hnetubuff

- 2 bollar hýðishrísgrjón
- 100 gr. heslihnetuflögur, ristaðar
- 1 tsk salt
- karrý
- 2 msk tómátpúrré
- $\frac{1}{8}$ tsk cayennepipar
- Rasp: malaðar heslihnetur, haframjöl



- Öllu blandað saman í skál
- Lítill buff mótuð og þeimvelt upp úr raspi
- Steikt á pönnu með smá ólífufolíu, 1 tsk ca. 3- 5 mín. hvor hlið eða þar til gullið.



Verði ykkur að góðu.

Ég skora á Axel Árnason að koma með uppskrift handa okkur í næsta fréttabréf.
Með kveðju, Gerd Plaggenborg , Skafttholti

Frá umhverfisnefnd

Kæru sveitungar eins og flestir vita eru veitt umhverfisverðlaun annað hvert ár í sveitarfélaginu.

Árið 2007 var Skaftholti veitt þessi verðlaun fyrir snyrtilegt og fallegt umhverfi staðarins.

Umhverfisverðlaunin voru veitt fyrst árið 2005 og þá voru það Reykjabæirnir sem fengu viðurkenningu.

Nú í haust verða verðlaunin svo veitt í 3 sinn og eru allar ábendingar vel þegnar.



Vinsamlegast komið ábendingum til skila á netfangið hdh1@simnet.is eða í síma 899-9653.
Harpa Dís Harðardóttir Formaður.



Systkinin í Gunnbjarnarholti þau Haukur og Þórhildur á árshátíð leikskólans



Leikskólinn

Fréttir frá Leikholti.



Árshátíð leikskólans var haldin síðasta vetrardag eins og undan farin ár. Flutt var skemmtidagskrá og öll börn stigu á svið, sum ekki há í loftinu. ☺ Elsti hópurinn, Sjóráningjahópurinn, flutti frumsamið sjóráningjaleikrit og tókst ljómandi vel. Einnig fluttu þau öfugmælavísi með táknum. Ávaxtahópurinn dansaði, lék og söng. Græni hópur söng tvö lög með táknum og Rauði og Guli sungu einnig. Eftir að skemmtidagskrá lauk bauðst gestum að ganga um húsið og skoða myndverk barnanna sem hengu um alla vegg. Í lokin var síðan boðið upp á glæsilegt hlaðborð og kaffi og safa. En að þessu sinni kom hvert heimili með veitingar sem settar voru á sameiginlegt hlaðborð, sem gjörsamlega svignaði undan veitingunum ☺ Takk fyrir okkur og takk fyrir komuna góðu gestir. Vorverkin í leikskólanum eru hafin, búið er að setja niður ýmis fræ, búa til ormagarð, safna skordýrum og margt fleira ☺ Bráðlega verður farið að stinga upp kartöflugarðinn hennar Helgu og þar munu börnin setja niður kartöflur. Bara gaman, gaman. ☺



Sumarkveðja börn og starfsfólk Leikhólts



Græni hópur



Leikskólinn

Æskilegt er að umsóknir um leikskóladvöl næsta vetur berist leikskólastjóra sem fyrst, þar sem framundan er vinna að skipulagi næsta vetrar. Einnig þurfa breytingar á dvalartíma barna að berast helst í júní, en eigi síður en 1.ágúst nk. Leikskólinn er lokaður frá 1. júlí til 13. ágúst en þá er starfsdagur og leikskólinn opnar síðan föstudaginn 14. ágúst.

Leikskólastjóri



Landbótafélag Gnúpverja stofnað.

Þann 22. febrúar var stofnað nýtt félag, Landbótafélag Gnúpverja. Starfssvæði þess er Gnúpverjaafréttur og Þjórsárdalur að Fossá. Lengi hefur verið unnið að landgræðslu á því svæði sem félagið hyggst vinna á. Jarðvegur þar er víðast mjög vikurborinn, enda Hekla í næsta nágrenni og hefur margoft leikið gróður illa í gosum. Þrátt fyrir það hefur talsvert áunnist við að stöðva jarðvegsrof og endurheimta landgæði á þessum slóðum. Mikill hugur var í fundarfólki enda verkefni félagsins mörg, brýn og spennandi. Stjórn Landbótafélags Gnúpverja skipa Bjarni Músson í Háholti, formaður, Tryggvi Steinarsson í Hlíð, gjaldkeri og Eiríkur Kristinn Eiríksson í Sandlækjarkoti, ritari. Í varstjórn sitja Lilja Loftsdóttir Brúnum, Bryndís Óskarsdóttir Háholti og Guðfinnur Jakobsson Skaftholti. Þetta er þriðja landgræðslufélagið í uppsveitum Árnessýslu en hin eru Landgræðslufélag Biskupstungna og Landgræðslufélag Hrunamanna. Þeir sem vilja ganga í félagið ættu að hafa samband við Bjarna formann í síma 862 4917 eða senda honum tölvupóst á 801haholt@live.com. Hægt verður að gerst stofnfélagi fram til skilarétta í haust. Er það einlæg von félagsmanna að félagið veki áhuga sem flestra á öllum aldri og verði öflugur liðsauki við endurheimt landgæða. Þann 10. júní er stefnt að fyrsta landgræðsludegi félagsins, á uppgræðslusvæðinu vestan við Sandafell. Verður það nánar auglýst síðar.

Stjórn Landbótafélags Gnúpverja.

